



## Persónuverndaryfirlýsing til umsækjenda um störf hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum.

Varðandi umsókn þína um auglýst starf hjá Lögreglunni á Suðurnesjum, mun embættið, sem ábyrgðaraðili, safna og vinna með persónugreinanlegar upplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er hér að neðan. Vinsamlegast kynnið ykkur vel eftirfarandi atriði til þess að skilja hvernig við vinnum með persónuupplýsingar þínar.

### Hvaða gögnum söfnum við um þig og í hvaða tilgangi

Við söfnum og vinnum eftirfarandi persónuupplýsingar til þess að meðhöndla umsókn þína og annað tengt ráðningarferlinu:

- Nafn; kennitala; netfang; heimilisfang; símanúmer; mynd; upplýsingar um fyrri atvinnu og menntun og aðrar upplýsingar sem koma fram í ferilskrá; prófskírteini og önnur skjöl sem þú hefur útvegað okkur; upplýsingar frá meðmælendum, ef við á, og innra mat sem fer fram á þér í tengslum við umsóknina; sakavottorð ef eðli starfsins kallar á slíkt, upplýsingar um lífsskoðanir og skoðanir sem varða umsótt starf sem tengt geta verkefnavinnslu í ráðningarferlinu.

### Sjálfvirk gagnavinnsla

Engin sjálfvirk gagnavinnsla fer fram við ráðningar hjá Lögreglunni á Suðurnesjum.

### Frá hverjum söfnum við þínum persónuupplýsingum?

Upplýsingunum er safnað frá þér og eftir atvikum í gegnum umsagnaraðila sem þú bendir okkur á.

### Lagalegur grundvöllur fyrir vinnslu

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga þinna er nauðsynleg til að gera ráðstafanir að beiðni skráðs einstaklings áður en samningur er gerður, sbr. 2. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

### Hvert flytjum við gögnin þín?

#### Flutningur gagna til vinnsluaðila

Í tengslum við úrvinnslu umsóknar þinnar er mögulegt að gögn þín séu flutt til umsjáaðila upplýsingakerfa sem vinna með eða geyma gögn fyrir okkur. Vinnslusamningur við viðkomandi aðila liggur að baki slíkum flutningi.

Eins bendum við á að ráðningarferlið lítur þeim reglum sem gilda um ráðningar í opinber störf, en samkvæmt því eiga umsækjendur heimild til þess að fá ákvörðun rökstudda eftir að niðurstaða hefur verið tekin um ráðningu, sbr. 1. tl. 2. mgr. og 3. mgr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 30/1993. Eins eiga umsækjendur eftir atvikum rétt á því að fá aðgang að gögnum ráðningarmálsins, sbr. 15. gr. stjórnsýslulaga.

### Hversu lengi geymum við persónuupplýsingar um þig?

Lögreglan á Suðurnesjum er afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og er því almennt óheimilt að eyða gögnum sem verða til við störf embættisins.

## Réttindi þín

Með fyrirvara um þau skilyrði sem nánar er fjallað um í gildandi löggjöf um persónuvernd, þá átt þú rétt á:

- Aðgengi að persónuupplýsingunum
- Að láta leiðrétta / eða eyða persónuupplýsingum
- Að láta takmarka vinnslu með persónuupplýsingar
- Að draga til baka samþykki hvenær sem er
- Að andmæla vinnslu persónuupplýsinga
- Að andmæla gerð persónusniðs

Þú hefur einnig rétt á að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd sjáir þú ástæðu til þess. Upplýsingar um Persónuvernd má finna á heimasíðu stofnunarinnar, [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

## Frekari upplýsingar

Vinsamlegast hafðu samband við okkur í gegnum netfangið [LSSpersonuvernd@logreglan](mailto:LSSpersonuvernd@logreglan) ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi vernd persónuupplýsinga þinna eða ef þú vilt nýta þér lagaleg réttindi þín.